

Reykjavík 16. 12. 1992.

Alþingi

Efnahags- og viðskiptanefnd
b.t. Vilhjálms Egilssonar formanns
Alþingi
150 Reykjavík.

Erindi nr. *B 116 / B39*
komudagur *16 / 12 1992*

Efni: Skattlagning bóta við niðurfærslu fullvirðisráttar í landbúnaði.

Í framhaldi af fundi fulltrúa Stéttarsambands bænda ásamt öðrum með Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis að kvöldi 15. 12. sl. skal eftirfarandi komið á framfæri:

Árið 1991 var lögum um tekju- og eignarskatt breitt með setningu laga nr. 36/1991. B. liður 7. gr. laga nr. 36/1991 er svohljóðandi:

"Við sölu til Ríkissjóðs á fullvirðisrátti í sauðfjárframleiðslu á tímabilinu 1. maí 1991 til 31. ágúst 1992 skal skattaðila, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 14. gr., heimilt að telja sem söluhagnað 20% söluverðs í stað söluhagnaðar skv. 2. mgr. sömu greinar.

Skattaaðilar skv. 1. mgr., sem hafa leigt fullvirðisrétt sinn Framleiðnisjóði landbúnaðarins eða orðið að sæta niðurskurði á sauðfá samkvæmt opinberum fyrirmælum, skulu undanþegnir skilyrði 3. málsl. 4. mgr. 14. gr. um aðalstarf."

Í samningu um milli ríkisvaldsins og Stéttarsambands bænda um mjólkurframleiðslu, sem undirritaður var 16. ágúst sl. er kveðið á um eftirfarandi í viðauka I.

"1.2. Þann 1. september 1992 verður heildarfullvirðisráttur að frátöldum þeim fullvirðisrétti sem bundinn er í leigusamningum við Framleiðnisjóð landbúnaðarins færður niður að heildargreiðslumarki mjólkur verðlagsárið 1992 - 1993, þ.e. í 100 milljónir lítra. Fullvirðisréttur/greiðslumark sem áfram verður bundinn í leigusamningum við Framleiðnisjóð skal taka sömu breytingum og annar fullvirðisréttur/greiðslumark."

Þess er hér með farið á leit við efnahags- og viðskiptanefnd að hún hlutist til um það í sambandi við aðrar breytingar sem standa fyrir dyrum á skattalögum, að mjólkurframleiðendur hafi sömu stöðu skattalega við niðurfærslu fullvirðisráttar og sauðfjárbændur.

Virðingarfyllst.

F. h. Stéttarsambands bænda

Hákon Sigurgrímsson
Hákon Sigurgrímsson